

AUGLÝSING**um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Svíþjóðar.**

Hinn 11. marz 1963 var undirritað í Stokkhólmi samkomulag um viðskipti milli Íslands og Svíþjóðar á tímabilinu 1. apríl 1962 til 31. marz 1963.

Viðskiptasamkomulagið er óbreytt frá fyrra ári og gildir nú til 31. marz 1964 og framlengist síðan sjálfkrafa um eitt ár í senn, sé því ekki sagt upp með tveggja mánaða fyrirvara.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 19. marz 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Nr. 5.

16. apríl.

AUGLÝSING**um framlengingu viðskiptasamnings Íslands og Frakklands.**

Með orðsendingaskiptum í París, hinn 5. apríl 1963, var viðskiptasamningur Íslands og Frakklands frá 6. desember 1951 framlengdur til 31. desember 1963.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 16. apríl 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.

Nr. 6.

13. maí.

AUGLÝSING**um fullgildingu á samkomulagi Evrópuríkja um viðurkenningu á háskólaprófum.**

Hinn 5. apríl 1963 voru fullgildingarskjöl Íslands að samkomulagi Evrópuríkja um viðurkenningu á háskólaprófum, sem gert var í París hinn 15. desember 1956, afhent forstjóra Evrópuráðsins.

Samkomulagið, sem birt er sem fylgiskjal með auglýsingu þessari, gekk í gildi að því er Ísland varðar hinn 5. maí 1963.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, 13. maí 1963.

Guðm. Í. Guðmundsson.

Agnar Kl. Jónsson.